

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-12/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa um álit nefndarinnar vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Ágreiningur aðila snýr að viðgerð á kaffivél sem álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 21. janúar 2014. Telur álitsbeiðandi að viðgerðin hafi tekið of langan tíma og krefst hann nýrrar afhendingar eða riftunar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerð nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 segir eftirfarandi:

„Nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Nefndin getur á öllum stigum málsmeðferðar ákveðið að vísa máli frá skv. þessari málsgrein.“

Samkvæmt álitsbeiðninni keypti álitsbeiðandi kaffivél af gerðinni Krupps Espresso af seljanda hinn 21. janúar 2014 fyrir kr. 64.995. Hinn 19. desember 2014 fór álitsbeiðandi með kaffivélina í viðgerð til seljanda í kjölfar þess sem hún bilaði. Í viðgerðarbeiðni, sem fylgdi álitsbeiðni, kemur fram að kaffivélin gefi frá sér mikla gufu og nái ekki að laga kaffi í réttu magni. Eins kemur fram að viðgerðarferli geti tekið allt að 20 virka daga. Kvartaði álitsbeiðandi til kærunefndarinnar þegar umræddir 20 dagar voru liðnir. Liggur þannig ekkert fyrir um ástæður þess að kaffivélin bilaði. Er þannig útilokað fyrir kærunefndina að taka afstöðu til þess hvort kaffivélin teljist haldin galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Er þar af leiðandi útilokað fyrir kærunefndina að taka afstöðu til þess hvort álitsbeiðanda sé heimilt að bera fyrir sig vanefndarúrærði laganna gagnvart seljanda.

Er það því mat kærunefndarinnar að álitsbeiðnin sé ekki studd nægum gögnum til að nefndin geti tekið efnislega afstöðu um ágreining aðila í álitsgerð.

Kærunefndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kærunefndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kærunefndinni nýja beiðni um álit fylgi henni gögn sem varpa frekara ljósi á ástæður þess að kaffivél sú er álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 21. janúar 2014, bilaði.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir